Hafnarfjarðarbær
Innk: 24.2.2017
Málsnr: 1702440
Bréfal: 512

Hafnarfjörður, 21. febrúar 2017

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar
B.t. Þormóðar Sveinssonar
Norðurhellu 2
221 Hafnarfjörður

Varðar: Stækkun lóðar við Stuðlaberg 70

Undirrituð óska eftir að fá að stækka lóð við Stuðlaberg 70 til austurs, norður af bílskúr sem fylgir eigninni.

Stuðlaberg 70 er endaraðhús í eystri enda raðhúsalengjunnar við Stuðlaberg 70-76. Við norðaustur-hluta lóðarinnar er smá skiki, grasi vaxinn, sem tilheyrir Hafnarfjarðarbæ. Skiki þessi liggur upp að eystri lóðarmörkum Stuðlabergs 70 og bílskúrnum sem tilheyrir Stuðlabergi 70 en sá bílskúr er vestast í bílskúrslengjunni sem tilheyrir Stuðlabergi 70-76. Óskum við því eftir að stækka lóð okkar til austurs, sem nemur breidd bílskúrsins sem fylgir Stuðlabergi 70 og til norðurs frá bílskúr, að nyrðri lóðarmörkum (sjá skýringarmynd hér fyrir neðan).

Markmið okkar með þessari beiðni væri að stækka það svæði lóðarinnar sem nýtur kvöldsólar og hefðum við jafnframt í hyggju að girða svæðið af.



Virðingarfyllst,
Heiða Njóla Guðbrandsdóttir og Hrannar Þór Hallgrímsson,
eigendur Stuðlabergs 70